

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu Fjarðabyggðar.

#### 1. gr.

##### *Álagningarstuðull.*

Álagningarstuðull fyrir fráveitugjald er 0,306% af húsmati fasteigna. Fráveitugjald er innheimt bæði af húsmati heimila og fyrirtækja. Fráveitugjald er innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

##### *Þjónustugjald.*

Fyrir hverja fasteign innan marka Fjarðabyggðar með eigin fráveitu, eða fráveitu sem ekki er tengd holræsakerfi í eigu Fjarðabyggðar, skal greiða árlegt þjónustugjald, sbr. 20. gr. samþykktar um fráveitu í Fjarðabyggð. Greiða skal sérstakt gjald fyrir hverja rotþró, ef fleiri en ein rotþró er á sömu fasteign.

Undanþegnin frá gjaldskyldu eru aðilar sem framvísa samningi um tæmingu rotþróa við þjónustaaðila með gilt starfsleyfi heilbrigðiseftirlits, sbr. 16. gr. samþykktar um fráveitur í Fjarðabyggð.

Ef fleiri en ein húseign er tengd rotþró skal þjónustugjaldi deilt með jöfnum hætti á fasteignir, nema ef sýnt er fram á aðra eignar- eða notkunarskiptingu á þrónni.

#### 3. gr.

##### *Gjaldskrá.*

Þjónustugjald samkvæmt 1. gr. skal vera árlegt gjald sem hér segir:

<i>Stærð rotþróar í lítrum – þjónustugjald</i>	<i>kr.</i>
< 3.500 lítrar	19.873
3.500 – 5.500 lítrar	29.810
5.500 – 8.000 lítrar	38.503
> 8.000 lítrar	38.503
Fyrir hvern viðbótarrúmmetra	6.208
Tímagjald hreinsibíls á klst.	15.936

Förgunargjald er samkvæmt verðskrá Sorpstöðvar Fjarðabyggðar.

Fjárhæð árgjalds miðast við að tæming og skoðun rotþróar eigi sér stað annað hvert ár. Komi fram beiðni um eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sérstaklega, skal greiða sérstakt gjald sem er 70% álag á árlega greiðslu.

Fjárhæð árgjalds miðast við að hreinsibíll þurfi ekki að nota lengri barka en 30 metra. Ef leggja þarf lengri barka þá bætast við 2.485 kr. að 50 metrum, en 7.793 kr. eftir það.

Ef fleiri en ein húseign nýtir rotþró og um er að ræða íbúðarhúsnæði eða sumarhúsnæði sérmetna í fasteignamati, skal aldrei innheimta hærra gjald skv. 1. mgr. en 18.629 kr. af hverri húseign.

Sveitarstjórn er heimilt að innheimta sérstakt aukagjald þar sem þannig háttar til að um óvenju-mikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu rotþróa eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar þjónustu. Gjaldið skal nema tímagjaldi fyrir hreinsibíl, skv. 2. gr., fyrir tíma umfram 2ja klst. vinnu- og aksturstíma, sem sérstaklega er tilkominn vegna viðkomandi rotþróar.

#### 4. gr.

##### *Gjalddagi og innheimta.*

Gjalddagi og innheimta þjónustugjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með fjárnámi í fasteign sem rotþró tengist án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga, með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

5. gr.

*Stofngjald fráveitu.*

Stofngjald fráveitu skal innheimta af öllum fasteignum sem tengdar eru fráveitu Fjarðabyggðar og skráðar eru í fasteignamat. Gjaldið skal innheimt við útgáfu byggingarleyfis.

- |     |   |             |
|-----|---|-------------|
| 5.1 | Íbúðarhúsnæði, verslun og þjónusta, heimæð ≤ 150 mm | 115.054 kr. |
| 5.2 | Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði og/eða heimæð > 150 mm   | 230.107 kr. |

6. gr.

*Einingarverð og gildistaka.*

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og öðlast gildi 1. janúar 2020. Jafnframt fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1172/2018.

*Fjarðabyggð, 2. desember 2019.*

**Gunnar Jónsson** bæjarritari.